**FUNDARGERÐ** EB 51-01-00/útg. 1

| | | | |
|---|---|---|---|
| *verkheiti:* | **SKARÐSHLÍÐARSKÓLI** | *tilvísun:* | 17103 |
| *fundur:* | Stöðufundur nr. 18 | *dags.:* | 15.5.2018 |

EB 51-01-00/útg. 1

| | | | |
|---|---|---|---|
| *Staður og tími:* | Norðurhellu 2, þriðjudaginn 15. maí 2018, kl. 8.30 | | |
| *Fundarmenn:* | Þorgeir Ó Margeirsson | ÞM | Eykt |
| | Páll Daníel Sigurðsson | PDS | Eykt |
| | Ivon Stefán Cilia | ISC | Tark |
| | Ingibjörg Magnúsdóttir | IM | Skólastjóri |
| | ~~Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir~~ | ~~JDG~~ | ~~Þróunarfulltrúi leikskóla~~ |
| | Ægir Berg Elísson | ÆBE | Húsumsjónarmaður |
| | Vigfús Hallgrímsson | VH | Þróunarfulltrúi grunnskóla |
| | Sigurður Haraldsson | SH | Sviðsstjóri |
| | Stefán B. Veturliðason | SBV | VSB |

| *liður* | ***Efni*** | *ábyrgð* |
|---|---|---|
| 0 | **Síðasta fundargerð**<br>Fundargerðir eru vistaðar á vefnum. Engar athugasemdir bárust um síðustu fundargerð. Afgreiðslu frestað til næsta fundar | |
| 2.3 | **Hönnun, teikningar og önnur gögn** | |
| | Eftirfarandi atriði er snúa að hönnun voru rædd og eftirfarandi bókað: | |
| | <u>Eldhús;</u> Verktaki hefur sent inn lista yfir val á tækjum. Verkkaupi hefur skoðað og verður listinn sendur verktaka. Málið afgreitt. | |
| | <u>Merki skólans</u><br>IM hefur fundað með arkitekt um útfærslu og staðsetningu merkisins bæði inni og úti. Afgreitt. | |
| | <u>Innréttingar og tæki</u><br>Fjölnotarými D2, beðið um tvö borð á hjólum, verður skoðað af verkkaupa. Athuga einnig með stærð ef þau verða inni.<br>Húsgögn og búnaður, rætt um hvað er verktaka og hvað verkkaupa, þarf að rýna. Vísað í uppfærð útboðsgögn. | |
| | <u>Bílastæði og lóð</u><br>Farið yfir stöðu bílstæða og lóðar eftir að skólastarf hefst. Verktaki telur að næg bílastæði verði til staðar. Verktaki mun senda verkkaupa mynd af svæðinu. Flutningur á tækjum af lóð safnaðarheimilisins getur hafist 1. júlí. Verktaki annast það. | |
| | <u>Rýmingarplan:</u><br>Verktaki mun gera bráðabirgðarýmingarplan / brunahönnun og fá samþykkt. | ISC |
| | <u>Kostnaður við breytingar</u><br>Verkkaupi óskar eftir að sjá bókahald um breytingar. | ÞM |

2.3 Rými fyrir Gagnaveituna
Gagnaveitan hefur óskað eftir rými fyrir búnað. Verktaki mun leysa málið í samráði við Gagnaveituna og miða við að það kalli ekki á viðbótar fermetra.

Stofnlagnir fráveitu
Verktaki óskar eftir að fá að tengja ofanvatn inn á regnvatnskerfi bæjarins suðvestan við lóðina. Samþykkt.

Staða hönnunar;
Teikningar arkitekta af D og E eru komnir á vefinn til skoðunar hjá verkkaupa. Engin mál óleyst.
Rætt um bráðabirgðaaðgerðir vegna starfsmannaaðstöðu. Athuga með uppþvottavél.
Verktaki óskar eftir að fá framlengingu á hönnunartíma fram í júlí, eða um einn mánuð. Samþykkt.

3.8 **Efnissamþykktir**
Verktaki mun setja upp sérstaka möppu á dropbox fyrir gögn efnis-samþykkta. ÞM

6.1 **Stöðufundir**
Fundir eru haldnir annan hvern þriðjudag á Norðurhellu kl. 8.30. Á fundina mæta fulltrúar verktaka og ráðgjafa auk fulltrúa verkkaupa. Ráðgjafar mæta að jafnaði á annan hvern fund.

6.6 **Verkframkvæmd, verkstaða**
Sjá fundargerð frá verkfundi eftirlits. Athuga með aðgang að verkefnavef.

6.7 **Verkáætlun**
Verkið er á eftir áætlun en reynt verður að vinna það upp eins og hægt er.
Starfsfólk mætir til vinnu 7. ágúst og kennsla hefst 22. ágúst.
Leikjanámskeið hefjast 9. ágúst. Verktaki ætlar að gera allt sem hægt er að skólastarf geti hafist á eðlilegum tíma.

8.1 **Önnur mál**

8.2 **Næsti fundur**
Næsti stöðufundur verður á Norðurhellu, þriðjudaginn 29. maí nk., kl. 8.30.

*Fundarritari: SBV*
*Dreifing fundargerðar; Fundarmenn*